

# Landsmót skáta 2016



Skráning er hafin inná [www.skatamot.is](http://www.skatamot.is)

Landsmót skáta 2016 verður haldið við Úlfliótsvatn dagana 17 – 24 júlí. Landsmót Skáta er eitt stærsta skátamót sem haldið er á Íslandi og verður haldið í 29. Skiptið, þema mótsins að þessu sinni er Leiðangurinn mikli.

Mótið er fyrir alla skáta á aldrinum 10-22 ára. Einnig verða fjölskyldubúðir þar sem allir eru velkomnir.

Setning mótsins verður sunnudaginn 17.júlí með pomp og prakt. Gert er ráð fyrir að skátarnir séu búnir að koma sér fyrir að mestu leyti áður en setningar athöfn hefst. Heimsóknardagur verður laugardaginn 23.júlí, fjölskyldum skátana og vinum er boðið að koma á carnival dag og um kvöldið er hápunktur mótsins, en þá verður hátíðardagskrá sem endar með glæsilegri kvöldvöku – nokkuð sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara!

Félög geta óskað eftir kynningu frá mótsstjórn með því að senda póst á [landsmot@skatar.is](mailto:landsmot@skatar.is).

Facebook síða mótsins er í fullu fjöri og hvetjum við ykkur til að fylgjast með þar inná. [www.facebook.com/jamboree2016](http://www.facebook.com/jamboree2016)

## Mótsgjald

Staðfestingargjaldið 10.000.- krónur er óafturkræft og greiðist í síðasta lagi 1.febrúar2016

Með því að greiða staðfestingagjald samþykki ég eftirfarandi:

Að barnið sé að fara á landsmót skáta 2016

Að Bandalag íslenskra skáta hafi heimild til að nota þær myndir sem kunna að verða teknar af skátanum á mótinu í útgefnu efni sínu, bæði á prenti og á vef þess.

Skátar eru ekki tryggðir sérstaklega í skáta-starfi.

Á mótinu gilda almenn landslög.

Skátalög og skátaheit skulu haldin í heiðri.

Áfengi og vímuefni eru ekki leyfð á meðan á móti stendur og þeir sem kunna að gerast uppvísir af notkun þeirra verður vísað tafarlaust af mótssvæði án endurgreiðslu.

Landsmótsgjald skal greitt að fullu fyrir 1.maí 2016

Systkinaafsláttur er greiddur eftirá til þess sem borgaði hann og er afslátturinn á þennan veg:

Fyrsta skráða barn greiðir fullt mótsgjald næstu systkin á eftir fá endurgreitt 10% hvert af mótsgjaldi Landsmót skáta. Afslátturinn er greiddur út þegar mótsgjald hefur verið full greitt til þess sem greiddi það mótsgjald. Sækja þarf sérstaklega um hann á þar til gerðu eyðublaði. Ekki er veittur afsláttur fyrir 18 ára og eldri, það er ef eitt systkin er 18 ára og næsta 16 ára að þá er engin systkinaafsláttur. Skátafélög geta ekki krafist um endurgreiðslu á systkinaafslætti einungis þeir sem greiddu mótsgjald viðkomandi.

Bandalag íslenskra skáta áskilur sér rétt til að halda hluta af mótsgjaldi við eftirfarandi aðstæður:

Staðfestingargjaldi ef hætt er við þátttöku 3 mánuðum fyrir mót:

50% af mótsgjaldi, ef skátinn hættir við þátttöku 2 mánuðum fyrir mót.

75% af mótsgjaldi, ef skátinn hættir við þátttöku 30 dögum fyrir mót.

100% af mótsgjaldi, ef skátinn hættir við þátttöku skemur en 30 dögum fyrir mót.

Annað:

Skátafélögin mega ekki safna mótsgjöldum sjálf.

Ekki verður tekið á móti millifærslum einstaklinga.

## Dagskrá - val

### Ferðaveröld



Úlfliótsvatn býður upp á fjölmarga möguleika í útivist og gefur frábær tækifæri til að njóta náttúrunnar. Enginn má yfirgefa Úlfliótsvatn án þess að fara í eina góða hikeferð með kort, gps-tæki og áttavita. Á Landsmóti skáta munu allir geta valið eitthvað við sitt hæfi. Það verða stuttar ferðir í boði, hæfilega langar ferðir fyrir meðal-Jón og enn lengri og meira krefjandi ferðir fyrir hina kappsömu og ævintýragjörnu. Njóttu frábærs umhverfis Úlfliótsvatns, upplifðu skemmtilegar ferðir og skapaðu minningar sem þú munt njóta út ævina.

#### F – 01 Ljósafossvirkjun

Gangan að Ljósafossstöð er létt, skemmtileg og við allra hæfi. Í stöðinni er skemmtileg sýning sem vert er að skoða.

#### F – 02 Úlfjótstvatnsfell

Úlfjótstvatnsfell stendur ofan við Úlfjótstvatn og það má varla yfirgefa svæðið nema hafa rölt þangað upp og notið útsýnisins.

#### F – 03 Búrfell

Gangan upp á Búrfell er fjölbreytt og skemmtileg. Þú getur farið þína ævitýraleið eða fylgt gönguleiðinni. Á toppi fjallsins er vatn í fallegu umhverfi og auðvitað virkilega fallett útsýni.

#### F – 04 Litli hringurinn

Gönguleiðin í kringum Úlfjótstvatnsfell er klassík. Um er að ræða skemmtilega gönguleið sem er við allra hæfi. Gengið er um marga merka staði sem tengjast skátabúðunum órjúfanlegum böndum.

#### F – 05 Leiðangur Úlfjóts

Gönguleiðin liggur frá Úlfjótstvatni að Borgarvík. Þaðan er stefnan tekin á Steingrímsstöð, komið er við á Villingavatni og að lokum er Krossinn heimsóttur.

Skemmtileg leið sem hentar göngugörpum vel.

#### F – 06 Gullnihringur Úlfjótstvatns – Sólarhringsferð

Gengið er hringinn í kringum Úlfjótstvatn og gist við norðurenda vatnsins. Ferð sem skilur eftir sig góðar minningar.

#### F – 07 Laugarvatnshellar – Sólarhringsferð á hjólum

Hjólað verður sem leið liggur að Laugarvatnshellum og gist þar. Hægt er að fara hringleið að hluta. Skemmtileg leið í fallegu umhverfi.



### Vatnaveröld

Hvað er það sem að þér dettur fyrst í hug þegar þú hugsar um Úlfjótstvatn? Vatnið? Vinirnir? Vatnasafariið? Bátar? Þetta og meira til verður í Vatnaveröldinni. Hvað er betra enn að búa til minningar með góðum vinum á kanó, kajak, seglbát eða jafnvel seglbretti? Í Vatnaveröldinni verðum við með vatnadagskrá í öllum útgáfum. Hvað er betra en að bleyta sig í vatnsbyssustríði, vatnsrennibraut og mögulega bæta tímann þinn í vatnasafariinu aftur og aftur? Þegar

kemur að vatni hefur Úlfjótsvatn fjölmarga möguleika og við ætlum að nýta okkur þá til hins ýtrasta. Fjórið verður hjá okkur og við hlökkum til að fá ÞIG með!

#### V – 01 Vatnsbyssustríð

Hvað er betra í dagsins amstri en að taka upp vatnsbyssuna og kæla félagana niður með lituðu vatni?

Vatnsbyssustríðið hefur verið einn vinsælasti pósturinn á síðustu landsmótum og verður engin breyting þar á.

#### V – 02 Bátar

Langar þig að prufa hina ýmsu gerðir af bátum? Hér gefst færi á því að fara í kappróður, burtreiðar á bát, læra á seglbát eða bara einfallega að líða um Úlfjótsvatnið blátt á árabát. Taktu með þér sólarvörnina.

#### V – 03 Vatnasafarí

Hver verður „Vatnasafarímeisterinn“ á Landsmóti skáta 2016? Kepptu í tímatöku í brautinni eða farðu í gegnum brautina með frjálstri aðferð.

#### V – 04 Eyjasigling

Fyrir suma er ekki nóg að sigla í hringi við árbakkann og því verður í boði að fara í kanóferð út í eyju (og líklega til baka aftur) með frábæru fólki. Hefur þú þolið til að komast alla leið? Vertu tilbúinn með auka föt við bakkann.

#### V – 05 Flekagerð

Getur þú og flokkurinn þinn nýtt það efni sem að er í boði og fundið leið til að gera fleka sem getur siglt á vatninu og borið ykkur þangað sem hugurinn girnist?

#### V – 06 Vatnsrennibraut

Langur dúkur, brekka, sápa og vatn. Þarf ég að segja meira? Frábært kombó sem getur ekki klikkað!

#### V – 07 Vatnsleikir

Það eru til endalausir möguleikar þegar kemur að vatni. Í þessum pósti ætlum við að fara í allra skemmtilegustu og fjölbreyttustu vatnsleikina. Ekki búast við því að komast þurr til baka.



#### V – 08 Brjóttu ísinn!

Hversu vel vinnur þinn hópur saman? Hversu vel gengur ykkur að brjóta ísinn? Og hversu fljót eruð þið að því? Í þessum pósti ætlum við að frysta föt í ísklumpum og sjá hvort liðið er á undan að ná fötunum út og ná að klæða sig í þau.

## V – 09 Veiði

Það er ekkert sem toppar það að sitja við vatnsbakkann á Úlfliótsvatni og veiða með góðum vinum og það er nákvæmlega það sem við ætlum að gera.

## Skátaveröld

Það má segja að Skátaveröld sé nokkurn veginn „back to basics“. Þar mun gömlu gildunum verða gert hátt undir höfði, en þessi verkefni hafa að miklu leyti mótað og fylgt skátahreyfingunni frá upphafi. Verkefni í anda Baden Powell munu njóta sín og því er nauðsynlegt að vera ráðagóður og klókur þegar komið er í Skátaveröld.

Hver veit nema þið takist á við að reisa brú yfir á, hnýta alla þá hnúta sem þið kunnið og fleiri til eða kveikja bál og elda dýrindis bollarúpu með ristuðu brauði?

## S – 01 Hnútar sem allir verða að kunna.

Á póstinum verða kenndir eða rifjaðir upp að lágmarki 6-8 hnútar sem allir skátar eiga að kunna.

## S – 02 Hnútar með flækjustigi

Það getur reynst gott að kunna nokkra sérhæfða og flókna hnúta í daglegu amstri eða bara til skemmtunar. Á þessum pósti kenna sérfræðingar 4-6 flóknari og sérhæfðari hnúta.

## S – 03 Skrauthnútar

Öll höfum við gaman að því að skreyta hjá okkur. Hvern dreymir ekki um jólatré skreytt apahöndum eða tyrkjahnútum? Þátt-takendur búa til apahnefa eða tyrknenskan hnút frá grunni – hvort þú skreytir jólatréið svo með þeim er þitt mál.

## S – 04 Brúarsmíði

Flokkurinn ræðst í brúargerð sem gerir flokknum kleift að komast á þurrum fótum yfir fljótið. Frábær póstur fyrir þá sem vilja komast hjá því að þurfa vaða yfir straumvötn



## S – 05 Rómverski vagninn

Í póstinum útbýr flokkurinn "karlsvagn" sem er dreginn áfram af mannaflí og með örlitlum breytingum má gera vagninn að sjúkragagni. Súrringar og spýrur leika stórt hlutverk í þessum pósti – ef það er ekki skátalegt, hvað þá?

### S-06 Innanstokksmunir í tjaldbúð

Hefur þig ekki alltaf langað til að útbúa flotta tjaldbúð líkt og sjá má á myndum í Skátahandbókinni? Hér er tækifærið komið. Flokkurinn æfir sig í að gera áhald / húsgagn sem má nýta í tjaldbúðarlífinu

### S – 07 Bregðum á leik

Enginn er eldri en hann vill verða og allir hafa gaman að því að leika sér. Flokkurinn æfir sig í 4-6 leikjum sem henta þátttakendum á öllum aldri. Bros mun pottþétt koma fram á varir ykkar og hláturinn mun óma um svæðið.

### S – 08 Samvinna – skiptir hún máli?

Treystir þú flokksfélögum þínum? Eruð þið sterk liðsheild? Nú reynir verulega á flokkinn að vinna sem sterk heild þar sem allir í flokknum þurfa að leggja sitt af mörkum til að sigrast á þeim ævintýrum sem bíða ykkar.

### S – 09 Skyndihjálp

Hefur þú einhverntímann slasað þig? Þurfti að búa um sárið?

Á þessum pósti lærir flokkurinn að bregðast rétt við þeim aðstæðum sem geta komið upp. Hann lærir að búa til sjúkrabörur, búa um sár, stöðva blæðingu, tryggja slysstað og lærir á skyndihjálpar-appið og 112-appið.

### S – 10 Matarpóstur

Rafmagn var ekki algengt í skátaskálum fyrir nokkrum árum en samt lifðu skátar ekki bara

á núðlusúpum. Hér munu prímusarnir vera teknir fram og eitthvað girnilegt verur mallað í pottunum og bragðlaukarnir fá að njóta sín.

## Undraveröld

Í Undraveröld verður að finna stórfurðulegar stöðvar sem bjóða upp á fjölbreytt verkefni, þrautir og leiki sem eru öll sem ævintýri líkust. Óhætt er að segja að stöðvarnar verða spennandi og skemmtilegar í senn, algjörlega þess virði að heimsækja. Hver veit nema það verði hægt að prufa rísa tvister, súper billjard eða búbbu bolta?

Við leggjum af stað í leiðangur....



### U-01 Foosball

Hvern hefur ekki dreymt um að vera fótboltahetja? Nú fær flokkurinn tækifæri til að stilla upp liðinu sínu í mennskum foosball. Þetta verður klárlega leikur ársins.

### U-02 Bubblubolti

Fótbolti er skemmtileg íþrótt en verður ennþá skemmtilegri þegar leikmenn eru klæddir í uppblásnar plastkúlur. Ólíkt öðrum íþróttum þá er hvatt til þess að þátttakendur

lendi í samstuði og séu með hamagang. Frekar heitt og sveitt en skemmtileg upplifun. Vertu með!

#### U – 03 Vísindahorn

Leynast vísindamenn í skátaflokknum ykkar? Hafið þið gaman af því að gera tilraunir? Ef svo er getið þið fengið útrás fyrir þessa þrá hér - komið og gerið tilraunir.



#### U – 04 Slysaförðun

Hafið þið séð sár í bíómyndum sem líta út fyrir að vera alvöru sár? Langar ykkur til þess að búa til slík sár og þykjast vera stórslösuð? Hér fáið þið tækifæri á að búa til “alvöru” sár úr fjölbreyttu hráefni!

#### U – 05 Kassaklifur

Eruð þið með jafnvægið á hreinu og kunnið að klifra. Komið og sýnið okkur hvað í ykkur býr. Mun þinn flokkur að setja kassaklifursmet?

#### U–06-Bílarall

Fannst ykkur gaman í kassabílarallý þegar þið voruð yngri? Ef svo er þá er þetta póstur fyrir ykkur því hér ætlum að vera með kassabílarallý í alvöru bílum. Flokkarnir leysa þrautir í bílum og þreyta ákveðna braut og reyna að ná settum tíma.

#### U–07 Rísatvister

Hafið þið spilað tvister? En rísa tvister? Nú reynir á liðleika, lipurð og þrautsegu flokksfélaganna. Gulur, rauður, grænn....

#### U–08 Bogfimi

Ævintýrakallinn Hrói höttur var rosaegur í bogfimi. Langar ykkur að feta í hans fótspor? Þið þurfið ekki að eiga nælonsokkabuxur, bara að vera hittin.

#### U – 09 Rísa Yatzy og Lúdó

Hafið þið gaman af því að spila? Hérna verður í boði að spila spil í ofurstærð. Ræður þinn flokkur við að kasta rísa teningum í yatzy? Getið þið leikið leikmennina sjálf í fræga borðspilinu Lúdó?

#### U–10 Ofur kúluspil og ofur billjard

Hefðbundna kúluspilið og billjard taka undraverðum breytingum. Komdu og prufaðu að spila kúluspilið í ofurstærð og billjard með ofurkúlum. Þetta verður undursamlegt!

## Víkingaveröld

Íslenskir víkingar hafa lengi vel verið þekktir fyrir vandað handverk og grimmilegar orrustur. Í Víkingaveröldinni gefst skátum tækifæri á að skyggjast inn í fortíðina og lokka fram víkingablóðið í sér. Ef þú hefur gaman af bardagalist hvort sem það er með boga og örvum eða sverði og skildi þá færðu tækifæri til þess að láta ljós þitt skína. Fyrir þá sem vita ekkert betra en að skapa framúrskarandi listaverk í tré eða leður verða einnig nægar áskoranir og stór verkefni í boði.

### Ví – 01 Trésmiðja

Hvern hefur ekki dreymt um að tálga hina ýmsu hluti úr tré? Á þessum pósti fær hugmyndaflug skátans að ráða för en til dæmis verður hægt að tálga út penna, skátahnúta og fleira. Einnig verður brýning hnífa og axa og umgengni tekin fyrir.

### Ví – 02 Málmismiðja

Eldsmíði var nær dagleg athöfn hjá víkingunum. Á þessum pósti fá skátar að reyna slíkt en þó í smærri stíl. Hægt verður að smíða víkingaskartgripi, diska og hnífapör úr áli og málmsteypu.

### Ví – 03 Ullarsmiðja

Víkingar unnu mest allan klæðnað úr ull. Á þessum pósti er þó ekki ætlunin að búa til alklæðnað en hér verður þæfð ull og lituð. Afraksturinn gæri orðið símahulstur, veski

eða annað sniðugt sem hægt er að nota við nútímaaðstæður.

### Ví – 04 Leðursmiðja

Leður var eitt vinsælasta hráefnið á víkingatímanum. Á þessum pósti verður unnið í leður á ýmsan skemmtilegan máta. Þú mátt búast við því að fara heim með a.m.k. eitt hálsmen eða armband.

### Ví – 04 Matarsmiðja

Allir þurfa að borða og það gerðu víkingarnir líka. Hér verður eldað að víkingasið. Brauð verður bakað í potti, fiskur verður grillaður á teini og fleira girnilegt verður matreitt.

